

skipulag@reykjavik.is

Efni: Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Nýi Skerjafjörður. Breytt landnotkun. Breytingar á byggingarmagni. Stígar og umferðartengingar. Umfang landfyllingar minnkað. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi.

Vegagerðin hefur yfirfarið tillögu að aðalskipulagsbreytingu í Reykjavík vegna fyrirhugaðrar byggðar í nýjum Skerjafirði.

Í greinargerð kemur fram að framlögð tillaga hafi jákvæð áhrif á samgöngur og ferðavenjur. Þjónusta hverfisins samanstendur af grunnskóla, leikskóla og þjónustukjarna. Aðra þjónustu þurfa íbúar að sækja utan hverfis.

Óskað er eftir nánara samgöngumati í tengslum við breytinguna. Tilgreina þarf fjölda viðbótar ferða og áætlaða skiptingu þeirra á mismunandi ferðamáta. Þá væri æskilegt að gera betur grein fyrir tiltækum innviðum fyrir hvern ferðamáta og tilgreina sérstaklega ef þörf er á úrbótum fyrir hvern þeirra svo sem fyrir hjólandi, akandi, gangandi eða almenningssvagna. Sérstaklega þarf að meta áhrif byggðarinnar á nærliggjandi þjóðvegi.

Síða 1 / 1

Vegagerðin
Borgartún 5-7
105 Reykjavík
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Erna Bára Hreinsdóttir
forstöðumaður Skipulagsdeildar